

Forsætisráðuneytið
Samráðsgátt mál nr. 98/2023

Reykjavík 25. maí 2023

Meðfylgjandi er umsögn Barnaheilla - Save the Children á Íslandi um innleiðingu Íslands á heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun.

Virðingarfyllst,
f.h. Barnaheilla - Save the Children á Íslandi

Póra Jónsdóttir
Lögfræðingur og verkefnastjóri innlendra verkefna

Berglind Sigmarsdóttir,
framkvæmdastjóri



Umsögn Barnaheilla - Save the Children á Íslandi um innleiðingu Íslands á heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun

Barnaheill – Save the Children á Íslandi fagna þeirri vinnu sem farið hefur fram á vegum stjórnvalda á Íslandi varðandi heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna og þar með þann vilja stjórnvalda til að vinna að sjálfbæru Íslandi, komandi kynslóðum til heilla. Samtökin vilja áréttta að sjálfbærni einnar þjóðar má þó aldrei vera á kostnað sjálfbærni og velferðar annarrar þjóðar, s.s. þjóða sem búa nú þegar við minni velmegun en Ísland. Sjálfbær þróun er verkefni sem vinna þarf á heimsvísu.

Ánægjulegt er að sjá að vitundarvakning almennings hefur aukist og vilji til að vinna að sjálfbærri þróun enda er málið brýnt og tíminn styttest til 2030. Vistspor Íslendinga er eitt það stærsta í heiminum og ákall ungmennaráðs heimsmarkmiðanna um að minnka það spor þarf að hlusta á og framkvæma ásamt aðrar tillögur ráðsins. Barnaheill taka heilshugar undir þær tillögur.

Hraða þarf aðgerðum vegna loftslagsbreytinga, bæði að koma í veg fyrir breytingar og aðlögun að þeim. Framtíð barna er í húfi vegna þeirra breytinga sem nú þegar eru farnar að eiga sér stað.

Barnaheill vilja sérstaklega koma með ábendingar um nokkur markmið og tengsl þeirra við stefnur á Íslandi.

1. Engin fátækt:

Barnaheill hafa um árábil unnið að málefnum barna sem búa við fátækt og vilja vekja athygli á því að engin skilgreining er á fátækt á Íslandi né stefna eða áætlun um að uppræta fátækt.

Barnaheill vilja leggja sérstaka áherslu á mikilvægi þess að uppræta fátækt meðal barna á Íslandi, en um 10.000 börn eiga á hættu að búa við fátækt og félagslega einangrun á landinu. Þau börn fá hvorki notið þeirra réttinda sem þeim ber samkvæmt barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna né heimsmarkmiðunum.

Móta þarf sérstaka stefnu á Íslandi og áætlun til að uppræta fátækt. Vísbendingar eru um aukna fátækt meðal barna ekki síst í kjölfar Covid19 heimsfaraldurs, aukinnar framfærslubyrði og verðbólgu. Því telja Barnaheill að ekki hafi náðst nægilega góður árangur hvað varðar heimsmarkmið um að uppræta fátækt. Jafnvel þó að á Íslandi búi hlutfallslega færri börn við fátækt en gengur og gerist, en fátækt meðal barna í auðugu ríki sem Íslandi er algjörlega óásættanlegt.

2. Ekkert hungur:

Tryggja þarf öllum börnum næringarríka fæðu. Í því samhengi þarf að leggja áherslu á næringarríkar og gjaldfrjálsar skólamáltíðir fyrir börn í viðkvæmri stöðu. Setja þarf stefnu og áætlun um slíkt. Jafnframt að tryggja öllum börnum og fjölskyldum þeirra aðgengi að heilnæmum matvælum á viðráðanlegu verði.



4. Menntun:

Mikilvægt er að samþætta menntun um sjálfbærni inn í allt nám á öllum skólastigum. Einungis með þeim hætti er hægt með góðu móti að undirbúa komandi kynslóðir til að takast á við verkefni framtíðar á sjálfbæran hátt. Umhverfismennt eða menntun til sjálfbærni hefur verið vel sinnt af leik- og grunnskólum í áratugi ekki síst með þátttöku í verkefninu Skólar á grænni grein en verulega þarf að auka slíka menntun á öðrum skólastigum og samþætta inn í allt skólastarf og námsgreinar – framhaldsskólum og háskólum.

9. Nýsköpun og uppbygging:

Tryggja þarf réttlát umskipti og aðgang allra barna að þeim tækjum og tækni sem þarf til að mæta breyttu samfélagi. Jafnframt þarf að tryggja vernd þeirra.

16. Friður og réttlæti

Barnaheill fagna þeirri vinnu sem lögð hefur verið í að styrkja vernd barna gegn ofbeldi á Íslandi, sem birtist m.a. í aukinni réttarvernd með styrkingu hegningarlaga hvað varðar vernd barna gegn kynferðisofbeldi, þ.á m. stafrænu ofbeldi (sbr. Lög nr. 29/2022).

Jafnframt er því fagnað að sett hefur verið stefna um að gera Ísland barnvænna og að nú sé unnið að innleiðingu samþættingar á þjónustu í þágu farsældar barna. Rík þörf er á að uppfæra barnaverndarlöggjöfina og tryggja að lög og úrræði í þjónustu við börn séu í samræmi við nútíma bestu þekkingu og framkvæmd.

Enn ber nokkuð á að viðhorfum til barna og framkomu við börn sé ábótavant, meðal annars meðal þeirra sem vinna með og fyrir börn. Barnaheill hvetja eindregið til þess að öll sem starfa með og fyrir börn fái fræðslu og þjálfun í að iðka mannréttindi barna, svo unnið verði af virðingu með öllum börnum, að á þau sé hlustað og tillit tekið til skoðana þeirra við allar ákvarðanir sem þau varða.

Barnaheill vinna að bættum mannréttindum barna og hafa Barnasáttmálann að leiðarljósi í öllu sínu starfi.